



Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 27. september 2011 kl 8.00, á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Bíldudal, Hólmavík og Súðavík.

Mætt voru til fundar Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Jón Jónsson (í síma), Ómar Már Jónsson (í síma) og Sigurður Pétursson. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrá sem send var út þann 24. september s.l.

1. Stjórnarfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
Arnheiður Jónsdóttir, verkefnisstjóri mætti til fundar í síma frá Reykhólum.

Fundargerð 9. fundar verkefnishóps BS Vest, dags 1. september s.l. lögð fram. Rætt um 2. lið, uppbygging skammtímavistunar og 3. lið um starfsreglur skammtímavistunar. Stjórn leggur áherslu á að hraðað verði ákvörðun um nýja staðsetningu skammtímavistunar á Ísafirði. Spurst fyrir um endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011. Samþykkt að boðað verði til stjórnarfundar þar sem dagsskrá verði eingöngu um málefni BS Vest.

2. Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 1. september og 8. september 2011
Fundargerðir lagðar fram og samþykktar.
3. Vestfjarðavegur 60.
 - a. Fundir samráðsvettvangs innanríkisráðherra um Vestfjarðaveg 60, 11. ágúst, 17. ágúst, 29. ágúst og 9. september

Rætt um niðurstöðu funda samráðsvettvangs innanríkisráðherra. Stjórn leggur áherslu á að fundargerðir og framlögð gögn þessara funda verði birt, enda mikilvægt fyrir umræðu og ákvarðanir um framhald málsins. Framkvæmdastjóra falið að óska heimildar innanríkisráðuneytis um birtingu gagna.

- b. Ályktun vegna funda innanríkisráðherra í Bjarkalundi og á Patreksfirði, 19. og 20. september

Rætt um viðbrögð við niðurstöðu innanríkisráðherra að endurbyggður Vestfjarðavegur 60 í Gufudalssveit skuli lagður yfir Hjallaháls og Ódrjúgsháls m.t.t. fjárhagsstöðu ríkissjóðs, stöðu samfélaga, umhverfismats og niðurstöðu Hæstaréttar frá árinu 2009. Innanríkisráðherra boðaði til tveggja íbúafunda í Bjarkalundi og Félagsheimilinu Patreksfirði þann 19. og 20. september s.l.. Fundirnir voru haldnir til kynningar á niðurstöðu ráðherra samkvæmt beiðni sveitarstjórna í Reykhólahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð. Niðurstaða ráðherra vakti mikil vonbrigði íbúa sem lýstu andstöðu sinni m.a. með útgöngu á fundi á Patreksfirði.



Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkir eftirfarandi ályktun sem beinist til innanríkisráðherra.

56. Fjórðungspingi Vestfirðinga haldið í Bolungarvík þann 2. og 3. september s.l., samþykkti að forgangsverkefni í sóknaráætlun landhlutans yrðu samgöngumál. Þingið lýsti einnig ánægju með störf innanríkisráðherra með því að kalla til samráðsvettvang, þar sem skoðaðar væru með opnum huga lausnir í vali á vegstæði Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit. Niðurstaða innanríkisráðherra þar sem valin er leið um Ódrjúgháls og Hjallaháls og kynnt var á fundi samráðsvettvangs þann 9. september s.l. og á íbúafundum 19. og 20. september s.l., olli því miklum vonbrigðum, enda svarar hún ekki ákalli íbúa um láglandisveg. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ítrekar því samþykkt Fjórðungspinga Vestfirðinga um stefnumörkun vestfirskra sveitarstjórna í samgöngumálum landshlutans, stefnumörkun sem endurspeglar vilja íbúa á Vestfjörðum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur innanríkisráðherra að leita áfram nýrra lausna sem endurspegli vilja íbúa og stefnumörkun sveitarstjórna á Vestfjörðum í samgöngumálum landshlutans. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á, að nýjar upplýsingar sem komu fram á fundum samráðsvettvangs innanríkisráðherra kalli á gerð nýs umhverfismats og eða formats á umhverfisáhrifum samgönguframkvæmda í Gufudalssveit. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar því á innanríkisráðherra að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að hefjast þegar handa við þá vinnu.

4. Málefni samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga a. Fundargerð 20. september 2011

Fundargerð lögð fram til kynningar. Rætt um 2. lið fundargerðar. Stjórn samþykkir tillögu samgöngunefndar að hafin verði vinna að nýju umhverfismati og eða formati umhverfisáhrifa samgönguframkvæmda á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit og vísar til ályktunar stjórnar um málefnið. Stjórn samþykkir þar að auki tillögu samgöngunefndar að óskað verði eftir fundi þingmanna NV kjördæmis til að fara yfir málið og tillögu framkvæmdastjóra um fundi með Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands og Náttúruverndarsamtökum Vestfjarða.

b. Megináherslur í samgönguáætlun 2011-2022

Vegna undirbúnings samgönguáætlunar 2011-2022 ítreka innanríkisráðuneyti og samgönguráð með tölvupósti þann 8. september að landshlutasamtök sveitarfélaga skili inn megináherslum í samgöngumálum sinna svæða. Samgöngunefnd gerir tillögu til stjórnar FV að megináherslur í samgöngumálum á Vestfjörðum byggji á tillögu í sóknaráætlun landshluta „Sókn í samgöngum Vestfjarða“. Tillagan var samþykkt og sett fremst í forgangs röðun tillagana, á 56. Fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið var í Bolungarvík þann 2. og 3. september s.l. verði. Stjórn samþykkir tillögu samgöngunefndar og verður hún nú send samgönguyfirvöldum.



c. Bréf til Vegagerðar vegna almenningssamganga.

Kynnt efni bréfs til Vegagerðar varðandi tillögu um breytta framkvæmd almenningssamganga, lýst er vilja til að vinna málið áfram en óskað er nánari upplýsinga um fjárhagsramma og stjórnsýslu verkefnisins.

5. Prófessorsstaða HÍ, tengd nafni Jóns Sigurðssonar.

Formaður kynnti efni auglýsingar Háskóla Íslands um stöðu prófessors tengd nafni Jóns Sigurðssonar. Auglýsingin er birt á vefnum www.starfatorg.is og er umsóknarfestur til 16. október n.k.. Stöðugildið byggir á samþykkt þingsályktunar 139. löggjafarþings samkvæmt tillögu forsætisnefndar Alþingis og tillögu að framkvæmd hennar sem kynnt var í hátíðarræðu forsætisráðherra á Hrafnseyri þann 17. júní 2011.

Rætt um efni máls og samþykkt eftirfarandi áskorun til forsætisráðherra sem einnig verði send Forseta Alþingis og rektors Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands hefur auglýst lausa til umsóknar prófessorstöðu tengdri nafni Jóns Sigurðssonar. Til prófessorstöðunnar er stofnað á grundvelli samþykkis Alþingis á þingsályktun forsætisnefndar Alþingis vegna 200 ára fæðingarafmælis Jóns Sigurðssonar. Forsætisráðherra kynnti efni tillögunnar í hátíðarræðu á Hrafnseyri þann 17. júní, þar sem segir: “Auk þess hefur Alþingi nú samþykkt að stofnuð verði prófessorsstaða við Háskóla Íslands sem verði tengd nafni Jóns Sigurðssonar og Hrafnseyri. Sá sem gegna mun stöðunni skal hafa fasta búsetu á Ísafirði eða nágrenni og hafa um kennslu og rannsóknir starfsskyldur og samstarf við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og Háskólasetur Vestfjarða”.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur með vísan til orða forsætisráðherra að skipan þessarar prófessorstöðu geti orðið Háskóla Íslands mikill vegsauki. Með þessum hætti fær skólinn tækifæri til að koma inn á nýjan og öflugri hátt, inn í hratt vaxandi alþjóðlegt rannsókn- og menntaumhverfi á Vestfjörðum. Auglýsing Háskóla Íslands á prófessorstöðunni ber því miður ekki með sér þessa nýju sýn að mati stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, þar sem staðsetning stöðunnar er tilgreind í Reykjavík. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur sig því knúna til að skora á forsætisráðherra að beita sér fyrir því, að leiðrétt verði við hlutadeigandi aðila að staða prófessors tengd við nafn Jóns Sigurðssonar, verði staðsett á Vestfjörðum en ekki Reykjavík. Slíkt er í samræmi við vilja forsætisráðherra í hátíðarræðu á Hrafnseyri þann 17. júní s.l. og greinargerðar með þingsályktunar Alþingis um stöðuna.

Gangi vilji Háskóla Íslands að óbreyttu fram, telur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að íbúar Vestfjarða verði að vísa til Jóns Sigurðssonar og segi “Vér mótmælum allir”.



6. Endurskoðun stoðkerfis atvinnulífs og byggðapróunar á Vestfjörðum

Kynnt fundargerð starfshóps frá 21. september 2011

7. Umhverfissvottun sveitarfélaga.

Verkefnisstjóri Dána Jóhannsdóttir mætti til fundar. Kynnti hún stöðu máls og næstu skref.

8. Aðalfundir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Kynnt boð á ársfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga, SSA og SSV þann 30. september og 1. október n.k. og Eyþings þann 7. og 8. október n.k.. Samþykkt að formaður sækji fund SSA og framkvæmdastjóri fund SSV.

9. Önnur mál.

a. Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar fundargerð fjórða og síðasta fundar samráðsvettvangs um framkvæmd tillagna ríkisstjórnar frá 5. apríl s.l.. Fundurinn var haldinn á Ísafirði þann 30. ágúst s.l.. Efni fundarins var kynnt í fjölmiðlum í framhaldi fundarins og á vef forsætisráðuneytis.

b. Dagssetning stjórnarfundar, samþykkt að boða til næsta fundar þann 19. október n.k.,

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.00.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri